Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals, gervigras og flóðlýsing á Kópavogsvelli



Gildandi deiliskipulag fyrir Kópavogsvöll, samþykkt 23. maí 2006 mkv. 1:1000



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi, mkv. 1:1000



Útreikningur á ljósdreifingu á Kópavogsvelli, skýringamynd frá ljósaframleiðanda Musco Sports Lighting,, LLC.

Yfirlitsmynd Kópavogsvallar, kortavefsjá Kópavogsbæjar 2017

GREINARGERÐ

Inngangur

Lögð er til breyting á deiliskipulagi Kópavogsdals sem tekur til Kópavogsvallar þar sem gert er ráð fyrir upphituðu gervigrasi á Kópavogsvelli og uppsetningu ljósamastra og ljósabúnaðar til flóðlýsingar við völlinn. Settir eru skipulagsskilmálar um staðsetningu og fyrirkomulag ljósamastra og lýsingu vallarins.
Markmið breytingartillögu er að bæta aðstöðu og auka gæði vallarins með Led lýsingu sem uppfyllir alþjóðlega staðla til að lýsa upp keppnisvelli.

Forsendur aðalskipulags

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er svæðið skilgreint sem ÍÞ-4, Kópavogsdalur. Um það segir: *Kópavogsvöllur er í Kópavogsdal ásamt íþróttasvæði Breiðabliks en á því er íþróttahúsið Smárinn, fjórir æfingarvellir og kastvöllur. Í dalnum er einnig fjölnotahúsið Fífan, tennishöll og tennisvellir, ásamt Smárahvammsvelli. Stærð 20 ha.*

Gildandi deiliskipulag

Á svæðinu er í gildi *Deiliskipulag Kópavogsdals, útivistarsvæðis*, samþykkt í Bæjarstjórn Kópavogs 22. maí 1990, með síðari breytingu á Kópavogsvelli samþykktri 23. maí 2006 vegna byggingareits og skilmála um áhorfendastúku.

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Afmörkun breytingar

Deiliskipulagsbreytingin tekur eingöngu til Kópavogsvallar.

Kópavogsvöllur

Á Kópvogsvelli er gert ráð fyrir upphituðu gervigrasi og 4 ljósamöstrum. Ljósabúnaður skal veita góða afskermingu og bjóða upp á stýringu ljósstyrks til draga sem mest úr grenndaráhrifum flóðlýsingar.
Ljósamöstrin eru allt að 25 m á hæð og staðsett við hvert horn leikvallar utan, sbr. breytingaruppdrátt.
Ljósstyrkur verður að hámarki 500 LUX.

Umgengnisreglur

Fara skal eftir samþykktri tímatöflu stjórnar Breiðabliks um notkun flóðlýsingar. Ljós skulu slökkt í síðasta lagi kl. 22 á virkum dögum.

Að öðru leyti gilda skilmálar *Deiliskipulags Kópavogsdals, útivistarsvæðis*, samþykkt 22. maí 1990 með síðari breytingum.

UMHVERFISSKÝRSLA

Áhrif á birtustig í nágrenni vallarins.

Samkvæmt útreikningi á ljósmagni og dreifingu miðað við heimilaðan ljósstyrk mun gæta lítilla áhrifa á birtustig utan vallar. Samkvæmt útreikningi mælist lítil sem engin aukning birtustigs (0-1 lúx) utan leikvangsins. Sjá meðfylgjandi ljósdreifingarmynd.

Breytingartillagan er ekki talin hafa áhrif á aðra umhverfisþætti.

1. október 2018
Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri

Úr Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 - Ekki í kvarða.

Skýringar

- Byggingarreitur stúku
- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Ljósamastur
- Gervigras

Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá ___ til ___ var samþykkt í bæjarstjórn/sveitarstjórn þann _____ 2018.

_____ _____

Samþykkt ceiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2018.

Kvarði 1:1000

20 0 20 40 60 80 100m

N V A S

Hnitakerfi: ISN93 Kvarði: 1:1000[A1].

Breyting	Dags.	Tilefni	Skipulag

VSÓ RÁÐGJÖF
BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 585-9000, NETF: vso@vso.is

Teikning: 18535-DSK-T-U-02 Dags.: 25.09.2018

Skipulag: Deiliskipulag Kópavogsdals Yfirfarið: HTT